

Ágæta nefndarsvið.

Héraðssaksóknari hefur kynnt sér efni frumvarpsins en kom áðuráð samráði við gerð þess en í því ferli var tekið tillit til flestra athugasemda sem embættið gerði á fyrri stigum.

Því til viðbótar eru gerðar athugasemdir sem hér greinir:

- Samkvæmt 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að tilgreina í 1. mgr. 11. gr. a. að lögreglustjórar og héraðssaksóknari geti að fengnu samþykki ríkislögreglustjóra tekið á móti erlendum lögreglumönnum. Síðar í sömu málsgrein segir svo að lögreglustjórar geti með sama hætti sent lögreglumenn erlendis. Þar er ekki getið um að héraðssaksóknari geti sent með sama hætti lögreglumenn erlendis en lagt er til að bæta héraðssaksóknara við þá upptalningu svo samræmis sé gætt.
- Í umfjöllun um 4. gr. frv. segir ranglega í lokin að til nánari skýringar sé vísað til umfjöllunar um 4. gr. frumvarpsins. Á væntanlega að vera 6. gr. frumvarpsins.
- Héraðssaksóknari gerir þá tillögu að kveðið verði á um það í 35. gr. b að lögreglustjórum verði skylt að tilkynna héraðssaksóknara um atvik þar sem maður deyr eða slasast alvarlega í meðförum lögreglu. Það kemur s.s. fram í greinagerð en miklu skiptir að þessi skylda sé alveg skýr í lögum þannig að héraðssaksóknari fái upplýsingar um þau mál um leið og þau koma upp.
- Loks bendir héraðssaksóknar á að með 9. gr. frumvarpsins er verið að flytja verkefni til embættisins t.a.m. rannsóknir á brotum lögreglumanna utan starfs, og þegar um brotasamsteypur er að ræða, sem kallar á meira vinnuframlag í þágu rannsókna mála sem ber að meta til útgjaldaaukningar fyrir embættið og ætti að endurspeglast í hærri fjárveitingu til þess.

Með kveðju,



Héraðssaksóknari
District Prosecutor

Ólafur Þ. Hauksson

Héraðssaksóknari

Sími / Phone: +354-444-0150

Netfang / e-mail: olafur.hauksson@hersak.is

Fyrirvari við tölvupóst / e-mail disclaimer

<http://www.hersak.is/um/um-abyrgd-a-tolvuposti/>